



ORKUVEITA HÚSAVÍKUR

Office: Ketilsbraut 7 • 640 Húsavík • Iceland
Tel: (+354) 464 6130 • Fax: (+354) 464 6131

Alþingi

Erindi nr. P 130/1039

komudagur 23.2.2004

Húsavík 20/2'04

Athugasemdir Orkuveitu Húsavíkur við Tillögu til Þingsályktunar um náttúrverndaráætlun 2004-2008.

Orkuveita Húsavíkur er aðili að Íslenskri Orku sem hefur verið að rannsaka jarðhita við Öxarfjörð með nýtingu í huga og hefur hlutur Orkuveitunnar numið tugum milljóna.

Jarðhitasvæðið eins og það er skilgreint á viðnámskortum nær yfir um helming þess svæðis sem fyrirhugað er að vernda, þannig að þessi verndun mun hefta nýtingu jarðhitans.

Vinnslusvæði jarðhita í Öxarfirði (Kelduhverfi) nær frá Þjóðvegi sunnan Skjálftavatns og að ósum Jökulsár og er svæðið um 10 km breitt.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að allt jarðhitasvæðið verði verndað og þar af leiðandi munu Orkufyrirtækin ekki leggja í meiri rannsóknarkostnað á svæðinu.

Í forsendum fyrir verndum er fyrst og fremst talað um flórgoða og má því gera ráð fyrir að verndun nánasta umhverfis Víkingavatns dugi til að ná þessum markmiðum, þó stöku flórgoðar verpi við Skjálftavatn.

Það er ennfremur ljóst að þessi verndaráætlun bætir ekki skilyrði fyrir álf og gæs þar sem fuglarnir eru verndaðir með öðrum lögum.

Þrátt fyrir aldalanga beit og átroðning búfjárs þykir gróður mjög sérstæður á söndunum og verður að gera ráð fyrir að sérstaða gróðurs þar verði svipuð um aldir með eða án friðunar. Þetta er þó með þeim fyrirvara að landgræðslan haldi áfram því mikla starfi sem þeir stunda á þessu svæði.

Orkuveita Húsavíkur leggst því eindregið gegn þessum áformum og vonar að stjórnvöld samþykki ekki þessa áhrifagræðgi Umhverfisstofnunar. Nú þegar eru verndarsvæðin í kringum Húsavík fleiri og víðáttumeiri en í kringum nokkuð þéttbýli á Íslandi og hefur umhverfisyfirgangur haft neikvæð áhrif á samfélagið í Þingeyjarsýslum. Við sem búum hér á Norðausturlandi erum mjög meðvituð um umhverfi okkar og erum í fararbroddi í umhverfisvernd. Við Þingeyingar kærur okkur lítið um forsjarhyggju umhverfissinna í Reykjavík þar sem í flestum tilfellum er eingöngu um atvinnusköpun að ræða og er mál að linni.

Þá má benda á að stórt landsvæði 15 km vestur af Húsavík (Látraströnd –Náttfarvíkur er í þessari þingsályktunartilögu og gæti sú verndun komið í veg fyrir að nýtt skíðasvæði fyrir Húsvíklinga verði byggt upp þar. Æskilegt er að þetta verndarsvæði nái ekki austur fyrir Kotárdal .

Hreinn Hjartarson

Orkuveita Húsavíkur
Hreinn Hjartarson